



222. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 8. maí 2014 kl. 16:00.

Mættir: Lárus Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Örn Andrésson, Guðmundur Á. Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Gunnar Bragason gjaldkeri, Jón Gestur Viggósson, Garðar Svansson og Ingi Þór Ágústsson.

Dagskrá:

Í upphafi kom Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ inn á fundinn til að kynna fyrir fundarmönnum niðurstöður rannsóknar R&G varðandir íþróttir og forvarnargildi þeirra í framhaldsskólum landsins. Niðurstöðurnar eru afar jákvæðar og ánægjulegar í garð skipulegs íþróttastarfs og er fyrirhugað að kynna þær betur á næstu vikum, m.a. með hádegisfundi í Íþróttamiðstöðinni.

1. Ólympísk málefni

Friðrik Einarsson skýrði frá fundi sem haldinn var með sérsamböndum ÍSÍ um þau ólympísku verkefni sem framundan eru.

Baku 2015

Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og ólympíusviðs og Örvar Ólafsson starfsmaður sviðsins sækja aðalfararstjórafund í Baku í júní nk.

Nanjing 2014

Framkvæmdastjóri skýrði frá rafrænu kyndilhlaupi leikanna sem mun í sýndarheimum verða á Íslandi þann 18. maí nk. Fyrirhugað er að taka upp myndefni í tengslum við þennan viðburð.

2. Smáþjóðaleikar 2015

Forseti minntist á aðalfund Smáþjóðaleikanna og fund Tækninefndar GSSE sem haldnir verða á Íslandi 16. og 17. maí nk.

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá því helsta í undirbúningi fyrir leikana. Verið er að undirbúa heimsóknir í mannvirki og hótél í tengslum við ofangreinda fundi.

3. Hjólreiðanefnd ÍSÍ – næstu skref

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að formlegt erindi hefði borist frá Hjólreiðanefnd ÍSÍ um stofnun sérsambands um hjólreiðaíþróttina. Íþróttin uppfyllir öll þau skilyrði í lögum ÍSÍ sem uppfylla þarf við stofnun sérsambands.

Samþykkt að stofna nýtt sérsamband um hjólreiðar í júnímánuði. Framkvæmdastjóra falið að undirbúa stofnþingið.

4. Starfsreglur Afrekssjóðs ÍSÍ

Lögð fram tillaga um breytingar á starfsreglum Afrekssjóðs. Starfsreglurnar hafa áður verið til umfjöllunar í stjórn og er nú búið að lagfæra þær í takt við fyrri athugasemdir. Einnig var stuðst við álit Laganefndar ÍSÍ.

Tillagan samþykkt með lítilsháttar breytingu á orðavali.

5. Reglugerð ÍSÍ um heiðursveitingar

Lögð fram tillaga að breytingu á Reglugerð ÍSÍ um heiðursveitingar. Breytingarnar felast aðallega í lýsingum á Afreksmerki og Ólympíumerki sem bæst hafa við heiðursveitingar ÍSÍ en nú er hönnun merkjanna fullunnin. Tillagan samþykkt með lítilsháttar breytingum á orðavali.

6. Samkomulag ÍSÍ og HÍ

Framkvæmdastjóri kynnti drög að samkomulagi á milli ÍSÍ og Háskóla Íslands. Unnið er að því að finna hentuga dagsetningu til undirritunar.

7. Samþykktir ársþings UÍA

Lagðar fram samþykktir frá ársþingi UÍA er lúta að verkefnum og starfsemi ÍSÍ.

8. Heiðranir

Samþykkt var einróma í gegnum tölvupóst að sæma Ragnar Kristinn Bragason með Silfurmerki ÍSÍ á ársþingi HSS 30. apríl sl. Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ afhenti merkið.

Lögð fram tillaga um að sæma Gunnar Sigurðsson úr Skotfélagi Reykjavíkur með Silfurmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu skotíþróttar. Tillagan samþykkt einróma. Merkið verður afhent á ársþingi Skotíþróttasambands Íslands 10. maí nk.

9. Starfsskýrslur ÍSÍ

Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri ÍSÍ skýrði frá stöðu mála varðandi skil á starfsskýrslum til ÍSÍ. Enn er talsverður fjöldi félaga í vanskilum.

Samþykkt að þau félög sem enn verða í vanskilum með skýrslur 1. júní nk. verði sett í keppnisbann þar til skil hafa farið fram.

Skrifstofu falið að senda út upplýsingar þar að lútandi.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 221. fundur framkvæmdastjórnar
- 10. og 11. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 118. og 119. fundur Afrekssviðs ÍSÍ
- Laganefndar frá 8. apríl

11. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Samþykkt að næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verði haldinn þriðjudaginn 27. maí kl. 16.00.

13. Önnur mál

Umhverfisstefna ÍSÍ

Hafsteinn Pálsson skýrði frá því að nú væri verið að leggja lokahönd á Umhverfisstefnu ÍSÍ. Helgu Steinunni Guðmundsdóttur og Sigríði Jónsdóttur falið að lesa fyrirbyggjandi drög yfir og koma með athugasemdir og/eða ábendingar, ef þurfa þykir.

Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að Örvar Ólafsson hafi samþykkt að skipta um starfsvettvang hjá ÍSÍ en Örvar hefur starfað ötullega við lyfjamál og lyfjaeftirlit ÍSÍ um árabíl. Örvar mun færa sig yfir til Afreks- og ólympíusviðs og starfa þar við hlið Andra Stefánssonar sviðsstjóra. Umfang verkefna sviðsins hefur aukist umtalsvert síðustu ár og því fengur fyrir sviðið að fá Örvar til starfa á þeim vettvangi. Örvar hefur verið aðstoðarfararstjóri á Ólympíuleikum og Smáþjóðaleikum og þekkir starfið í kringum afreksíþróttirnar vel.

Framkvæmdastjóra heimilað að ráða Birgi Sverrisson í stað Örvars sem verkefnisstjóra í lyfjamálum. Birgir er með BS gráðu í íþróttastjórnun frá Coastal Carolina háskólanum í Suður-Karólínu í Bandaríkjunum og er að ljúka við meistaraþráðu í sömu fræðum. Birgir þekkir íþróttahreyfinguna vel en hann hefur starfað við íþróttir bæði hér og erlendis.

Fyrirmyndarhéruð

Sigríður Jónsdóttir skýrði frá undirbúningi að gæðastimpli fyrir íþróttahéruð. Drög að gátlista liggja fyrir en verkefnið verður kynnt frekar á Formannafundi ÍSÍ í haust. Formleg tillaga varðandi verkefnið gæti legið fyrir íþróttaping næsta vor.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari